

Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68  
103 Reykjavík - Iceland  
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is  
Sími/Tel: +354 515 90 00  
Fax: +354 515 90 07

Alþingi

Erindi nr. P 139/2033  
komudagur 15.4.2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 14.04.2011  
Tilvísun vor: 98.11

Efni: Umsögn Landsvirkjunar um frumvarp  
til vatnalaga, þskj. 949 – 561. mál

Að beiðni iðnaðarnefndar Alþingis er hér með látin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til vatnalaga, þskj. 949 – 561. mál, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010 - 2011.

Helstu athugasemdir og ábendingar Landsvirkjunar við efni frumvarpsins eru eftirfarandi:

- Varðandi 5. grein (breyting á núverandi 4. gr.) er rétt að vekja athygli á að við myndun miðlunarlóna hefur almennt verið talið að réttur til nýtingar á botni og vatni ráðist af markalínu í farvegi (eða á landi) áður en kom til myndunar lónsins, en ráðist ekki af netlögum (115 m mörkum).
- Í 51. gr. er miðað við vatnsflöt sem miðlun nær yfir. Viðmiðunin er að mati Landsvirkjunar alltof lítill, tæplega einn húsgrunnur, en samkvæmt greinargerð miðast þetta flatarmál við ákvæði í náttúruverndarlögum um verndun tjarna og vatna. Flestar áveitur í skurðum landsins þekja mun stærra svæði. Ef setja þarf stærðarmörk fyrir leyfisveitingu Orkustofnunar væri eðlilegra að miða við rúmmál vatns og/eða vatnshæð við stíflu.
- Í frumvarpinu er kafli núgildandi laga um almenn ákvæði um vatnsvirki felldur brott. Þar eru mörg ákvæði sem æskilegt væri að héldu sér efnislega þó svo að umorða mætti stóran hluta lagatextans. Þá er mjög mikilvægt að benda á 138 gr. núgildandi laga um að landeigendum sé skylt að þola það að farið sé um lönd þeirra til mælinga og rannsókna. Slík heimild er nauðsynleg á frumstigi rannsókna áður en rannsóknarleyfi er fengið. Landsvirkjun leggur áherslu á að slíkt ákvæði verði áfram inni í lagatextanum.
- Skv. 79. gr. frumvarpsins ber að tilkynna til Orkustofnunar um allar framkvæmdir er tengjast vatni og vatnafari. Að mati Landsvirkjunar er þetta ákvæði alltof víðtækt og nánast ekki framkvæmanlegt. Samkvæmt 2. mgr. má ekki velta steini í farvegi án leyfis stofnunarinnar. Eðlilegra væri t.d. að takmarka tilkynningarskyldu við framkvæmd eða röskun sem veldur breytingum á rennsli eða vatnsborði vatnsfalla og nánari ákvæði þar um síðan sett í reglugerð. Í 5. mgr. þessarar greinar er kveðið á um að framkvæmdir skuli vera heimilar ef Orkustofnun bannar þær ekki eða setji þeim skilyrði. Eðlilegra er að heimild stofnunarinnar liggi fyrir áður en framkvæmdir hefjast.



- Í 140. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ákvörðun eignarnámsbóta skuli koma til frádráttar sérhag viðkomandi fasteignar í framkvæmdum. Í ákvæði nágildandi laga er tekið fram að landeigandi eigi ekki rétt á hærri bótum vegna framkvæmda eða vegna hagnaðar framkvæmdaraðila. Í 51. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er fjallað um bæt看 vegna skipulags. Í ákvæðinu er kveðið á um að við ákvörðun bóta verði tekið tillit til þeirrar verðbreytinga sem þær kunna að hafa í för með sér á viðkomandi eign. Á það bæði við til hækkunar eða lækkunar. Leiði hið nýja skipulag til þess að verðmæti fasteignar hækkar á landeigandi rétt á minni bótum vegna skerðinga sem skipulagið hefur í för með sér. Ákvæði skipulagslaga er nánast samhljóða eldra ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 sem mikið hefur reynt á í framkvæmd. Landsvirkjun telur eðlilegt að ákvæði vatnalaga um bæt看 vegna eignarnáms verði sambærileg þeim sem eru í nágildandi skipulagslögum.
- Í 141. gr. frumvarpsins er kveðið á um að leyfi til framkvæmda sem valdið getur umtalsverðu tjóni megi binda því skilyrði að framkvæmdaraðili leggi fram tryggingu vegna hugsanlegrar bótaábyrgðar. Í ákvæðinu er ekki skilgreint hvort um sé að ræða framkvæmdaleyfi samkvæmt skipulagslögum eða hvort um sé að ræða leyfi landeiganda til framkvæmda. Landsvirkjun telur óeðlilegt að sett séu skilyrði um tryggingu fyrir framkvæmdaleyfi í vatnalögum á meðan sambærilegt ákvæði er ekki að finna í annari löggjöf, t.d. skipulagslögum sem tekur til allra framkvæmda sem eru leyfisskyldar. Vert er að benda á að í öllum tilvikum þarf framkvæmdaraðili að semja við landeigendur um bæt看 fyrir landsafnot og annað rask áður en framkvæmdir hefjast. Að mati Landsvirkjunar er því ekki þörf á að gerð sé krafa um tryggingu. Lagt er því til að 2. mgr. 141. gr. verði felld brott.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson  
forstjóri